

Ed.

181. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

- a. Orðin „opna eða“ í 1. málsg. 3. gr. laganna falli burt.
- b. Á eftir síðustu málsg. sömu lagagreinar bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Skyld er og váttryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til váttryggingar, ef eigendur óska þess.

2. gr.

Aðra málsg. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.